

REGLUGERÐ

um miðskólapróf í bóknámsdeild.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Miðskólapróf í bóknámsdeild skal vera landspróf í þessum greinum: Íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði og eðlisfræði. Þó getur menntamálaráðuneytið fjölgað eða fækkað landsprófsgreinum, ef fræðslumálastjóri og landsprófsnefnd mæla með því. Landspróf skal vera skriflegt að mestu leyti og haldið samtímis um land allt.

2. gr.

Rétt til þess að halda miðskólapróf hafa miðskólar og gagnfræðaskólar, svo og aðrir sambærilegir skólar, sem fá til þess samþykki ráðuneytisins.

3. gr.

Um prófkröfur fer eftir gildandi lögum og fyrirmælum á hverjum tíma.

II. Prófnefnd og prófdómarar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 9 manna prófnefnd til alls að fjögurra ára í senn. Felur ráðuneytið einum þeirra formannsstörf eða skipar sérstakan formann, sem þá skal eigi hafa með höndum prófdómarastörf í nefndinni. Formaður annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Í prófnefndinni skulu vera sérfróðir menn í þeim greinum, sem landsprófið nær til, og vel kunnugir kennslu og námsefni því, sem krafizt er til prófsins.

Hverfi maður úr prófnefndinni áður en starfstímabil hans er liðið, skal skipa annan í hans stað það sem eftir er tímabilsins.

Þóknun til prófnefndarmanna, prentun og fjölritun verkefna o. þ. u. l. greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

5. gr.

Landsprófsnefnd gegnir prófdómarastörfum, að svo miklu leyti sem því verður við komið. Að öðru leyti skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar. Laun prófdómara og annan prófkostnað, sem ekki verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt því, er um getur í 4. gr., greiðir hlut- aðeigandi skóli.

III. Prófið og tilhögun þess.

6. gr.

Próf í landsprófsgreinum skal halda síðari hluta maímánaðar ár hvert, samtímis í hverri námsgrein, samkvæmt nánari fyrirmælum landsprófsnefndar.

7. gr.

Próf skal tekið í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í miðskólum.

Undanþágu frá prófi í leikfimi, sundi og söng má því aðeins veita, að fullnægt sé reglum nr. 50 frá 8. marz 1944, um undanþágur skólanemenda frá að stunda nám eða taka þátt í námi einstakra greina.

8. gr.

51

Prófnefnd annast um prentun eða fjölritun prófverkefna á þann hátt, sem hún telur öruggastan, en fræðslumálaskrifstofan sendir þau til prófdómara eða trúnaðarmanns í samráði við formann prófnefndar. Skal öllu þann veg hagað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrir en á prófdegi.

14. apríl

9. gr.

Prófverkefni í öðrum greinum en landsprófsgreinum semur prófdómari í samráði við hlutaðeigandi kennara.

Um framburð í erlendum málum dæmir prófdómari og kennari. Taka skal tillit til þeirrar einkunnar eftir því sem landsprófsnefnd mælir fyrir um.

10. gr.

Landsprófsnefnd setur eins nákvæmar reglur og hún telur sér fært um framkvæmd miðskólaprófs, úrvinnslu prófverkefna og einkunnagjafir.

11. gr.

Prófdómari og kennari fara yfir úrlausnir nemenda og dæma þær. Greini þá á um einkunn, skal taka meðaltal. Leita skal þó úrskurðar landsprófsnefndar í landsprófsgreinum, ef um verulegan ágreining er að ræða.

12. gr.

Allar einkunnir á miðskólaprófi skal færa inn í prófbók skólans. Senda skal prófskýrslu til landsprófsnefndar og fræðslumálastjóra.

13. gr.

Að lokinni úrvinnslu prófa, skal senda landsprófsnefnd úrlausnir nemenda í þeim landsprófsgreinum, sem hún hefur eigi sjálf dæmt um, eftir því sem nefndin mælir fyrir um. Prófnefndin fer yfir úrlausnir þessar eftir því, sem hún telur þurfa, einkum þeirra nemenda, sem fengið hafa nálægt meðaleinkunninni 6 í landsprófsgreinum. Verði dómur landsprófsnefndar til muna frábrugðinn dómi einhvers skóla, gerir hún skólanum aðvart um það. Eigi breytir endurskoðun prófnefndar einkunnum nemenda, en taka skal tillit til hennar samkvæmt því, er um getur í 16. gr.

IV. Einkunnir o. fl.

14. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 1 til 10, heilum tölum og fimmtu hlutum. Tíundu hlutar geta komið fram sem prófeinkunn, ef tekið er meðaltal einkunna prófdómara og kennara. Gefa skal og einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu.

Einkunnin 0 fellir, svo og lægri einkunn en 2 í tveimur greinum og lægri einkunn en 3 í þremur greinum.

Aðaleinkunnir eru fjórar og greinast þannig:

Ágætiseinkunn	9.00—10.00
Fyrsta einkunn	7.25— 8.99
Önnur einkunn	6.00— 7.24
Þriðja einkunn	5.00— 5.99

15. gr.

Ein einkunn skal gefin í hverri námsgrein, nema í íslenzku tvær, samkv. nánari ákvæðum landsprófsnefndar.

51

16. gr.

14. apríl

Til þess að standast miðskólapróf þarf nemandinn að hafa hlotið í aðaleinkunn a. m. k. 5.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskóla, hvar sem er á landinu. Til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla þarf meðaleinkunnina 6 eða meira í landsprófsgreinum og 5 í öðrum greinum, svo og hæfnipróf í sundi. Ef dómur einhvers skóla hefur verið til muna frábrugðinn dómi landsprófsnefndar, getur nefndin til samræmingar úrskurðað, að innganga nemenda frá þeim skóla í menntaskóla eða kennaraskóla skuli miðast við aðra lágmarkseinkunn en að ofan greinir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi bráðabirgðareglur frá 22. jan. 1946, um miðskólapróf í bóknámsdeild.

Menntamálaráðuneytinu, 14. apríl 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

52

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1. Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi	kr. 127373.28
2. Gjöld umfram tekjur árið 1946, skv. eftirfarandi reikningi	— 840.88
	Kr. 126532.40

Eign um sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf	kr. 11000.00
2. Sogsvirkjunarbréf	— 1000.00
3. Veðskuldabréf	— 98433.34
4. Inneign í sparisjóði	— 16099.06
	Kr. 126532.40

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 540.00
2. Vextir af veðskuldabréfum	— 2424.00
3. Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 470.12
4. Gjöld umfram tekjur 1946	— 840.88
	Kr. 4275.00

Gjöld:

1. Styrkur til Guðna Gunnarssonar og Péturs Pálssonar til náms í efnaverkræði við McGill háskólann í Montreal, 2000 kr. til hvors	kr. 4000.00
2. Endurgreiddir vextir	— 275.00
	Kr. 4275.00

Forsætisráðuneytið, 15. febrúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.